

## Fundur í Háskólaráði

Dags. 10.10.2022

Staður og tími: kl. Teams kl 11.00

Málsnúmer: 2008013

**Fulltrúar HB:** Margrét Jónsdóttir Njarðvík, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Sólveig Hallsteinsdóttir, Arney Einarsdóttir og Sævar Finnbogason.

**Fulltrúar nemenda:** Birgitta Ásbjörnsdóttir, Raghneiður I Sigurgeirsdóttir, Jóna Dóra Hólmarsdóttir (varamaður), Ása Laufey Sigurðardóttir.

**Áheyrnaraðilar:** Lydía Geirsdóttir, Anna Jóna Kristjánsdóttir, Stefán Wendt, Margrét Vagnsdóttir

**Fjarverandi:** Embla Líf Hallsdóttir, Hlynur Finnbogason, Hanna Kristín Skaptadóttir

### Dagskrá:

- Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar, samþykkt samhljóða
- Fjármálastjóri kynnti uppgjör fyrstu 8 mánuði ársins 2022
  - Tekjur eru ívið hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Miklar framkvæmdir hafa verið á árinu sem snúa að viðhaldi fasteigna og aukinns tæknibúnaðar sem gerir það að verkum að útgjöld haf verið mikil á árinu. Sjá nánar í fylgjiskjali
- Erindi frá nemendum
  - Nemendafélagið óskaði eftir rökstuðningi vegna hækkunar skólagjalda
    - Fjármálastjóri fór yfir þau rök sem höfð voru til grundvallar, hækkun launa, verðbólga og hækkun vöruverðs.
    - Nemendafélagið óskaði eftir skriflegum rökstuðningi
    - Til máls tóku MV, BÁ
  - Er til verkferill vegna ofbeldismála ef þau koma upp?
    - Umræða um verkferla og siðareglur skólans. Ef um sakamál er að ræða þá skerst skólinn ekki í leikinn. Verkferlar eru til auk Óskað eftir að verkferlar verði gerðir aðgengilegri. Lydíu og Halldóru falið að koma verkferlum til nemendafélagsins
    - Til máls tóku, MJN, LG, SH, BÁ, RIS, AE
  - Aðgengismál fatlaðra, hvernig er staðan á því?
    - Rektor upplýsti um að Rampurinn sem fannst ekki á vinnuhelginni er fundinn. Verið er að yfirfara húsnæði skólans út frá Réttinda Ronju. Kennslustjóri upplýsti að búið er að halda fund með úttektarteymi skólans og aðgerðarlisti verður settur upp í kjölfarið.
    - Til máls tóku: MJN, HLP, BÁ, RIS
  - Óskað eftir því að póstar séu stílaðir á þá hópa sem eiga að fá þá t.d. grunnnemar fái eingöngu pósta sem að þeim snúa og svo framvegis.



- i. Upplýsingar til nemenda eru mismunandi eftir hvort um er að ræða meistaranám eða grunnnám, einnig er mikið áreiti vegna verkefna þar sem nemendur eru að óska eftir svörum við könnunum. Í vetur hafa upplýsingapóstar til nemenda vegna vinnuhelga verið staðlaðir á milli námsstiga en kennsluvið kannar málið.
    - ii. Rætt um mikilvægi þess að nemendur virki bifrastartölvupóstföng sín.
    - iii. Til máls tóku: MJN, SH, LG, BÁ, RIS, AE, HLP
  4. Erindi frá kennurum
    - a. Ekkert erindi frá kennurum
  5. Erindi frá kennslustjóra
    - a. Lota 1 gekk vel í flesta staði lítið um hnökra
    - b. Lota 2 hefst á mánudaginn og dagskrá staðlota tilbúnar. Hátíðarkvöldverður verður laugardagskvöld á báðum helgum.
      - i. LÍS mun leggja áherslu á Foreldrar í háskólanámi í vetur sem rýmar sérstaklega vel við skólastarfið okkar.
      - ii. Til máls tókur HLP og BÁ
  6. Skýrsla rektors
    - a. Staðlotur gengu virkilega vel
    - b. Skapandi greinar hafa fengið styrk til stofnun rannsóknarseturs
    - c. Búið að halda boð fyrir alla kennara deildanna til að efla hópana
    - d. Mikið frumkvæði úr starfsmannahópnum að breyttu vinnulagi og nýjum verkefnum
    - e. 12-13 des verður gæðaúttekt þar sem mikilvægt er að stjórn nemendafélagsins og starfsfólk sé tiltækt fyrir nefndina
    - f. Tvisvar á misseri eru keyrðar út tölfræðiskýrslur þar sem kannaðar eru ákveðnir lykilþættir t.d. brottfall, einkunnir og fl
    - g. Umræða um kennslumat tilgang og þátttöku. Til máls tóku HLP, MJN, AE, RIS, BÁ
    - h. Boðað hefur verið til fundar hjá fulltrúaráði Háskólans á Bifröst vegna þess að ráðherra hefur gefið út að úthluta eigi tveimur milljörðum til samstarfsverkefna milli háskóla.
      - i. Hópur starfsmanna fer á ráðstefnu til Grikklands um stafrænt nám og vonir standa til að hægt verði að bjóða upp á stafrænt skiptinám.
  7. Önnur mál

Fundi slitið kl. 12.05

Fundarritari: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir